100 ÁR ÁSGRÍMUR JÓNSSON 100 ÁR




Vilhjálmur Hjálmarsson menntamálaráðherra heilsar hér upp á „sveitunga sinn" Mjóafjarðarskessuna.

Sýning í tilefni aldarafmælis Ásgríms Jónssonar var opnuð að Kjarvalsstöðum á laugardag að viðstöddum forsetahjónunum, menntamálaráðherra og frú og fjölda gesta. Birgir Ísleifur Gunnarsson, borgarstjóri flutti ávarp og sömuleiðis frú Bjarnveig Bjarnadóttir, forstöðumaður Ásgrímssafns.

Á sýningunni eru 272 verk listamannsins, þar á meðal ýmsar þjóðsagnamyndir og skissur, sem aldrei hafa verið sýndar áður, og einnig má sjá þarna síðustu handbrögð meistarans í ófullgerðri mynd, sem hann vann síðast að fjórum dögum fyrir andlát sitt.

Ljósmyndari Tímans, Gunnar tók myndirnar.



Halldór Laxness og Sveinn Einarsson, þjóðleikhússtjóra, ræða myndir Ásgríms.




Eyjólfur Eyfells virðir fyrir sér listahandbragð meistarans.



Borgarfulltrúarnir Alfreð Þorsteinsson og Björgvin Guðmundsson ásamt frúm Guðnýju Kristjánsdóttur og Dagrúnu Þorvaldsdóttur og Þórarinn Þórarinsson, ritstjóri.

Forsetahjónin ásamt frú Bjarnveigu Bjarnadóttur við eina Svarfaðardalsmynd Ásgríms Jónssonar.



Biskupshjónin, Sigurbjörn Einarsson og frú Magnea Þorkelsdóttir voru meðal gesta við opnun sýningarinnar.

Frú Bjarnveig Bjarnadóttir segir þeim Birgi Ísleifi Gunnarssyni, borgarstjóra, Alfreð Guðmundssyni, forstöðumanni Kjarvalsstaða, Vilhjálmi Hjálmarssyni, menntamálaráðherra og frú Margréti Þorkelsdóttur frá verkum Ásgríms.







Mikið fjölmenni var við opnun sýningarinnar á laugardaginn

Meðal gesta voru sendimenn erlendra ríkja. Hér er forsetinn á tali við kínverska sendiherrann og túlk hans.



Aldarafmælissýning opnuð að Kjarvalsstöðum